



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1  
150 Reykjavík

Reykjavík 8. febrúar 2022

2202001SA GB  
Málalykill: 15.30

### **Efni: Erindi til starfshóps um Grænbók um orkumál**

Vísað er til fréttar um skipan starfshóps sem hefur það hlutverk að vinna skýrslu, svo nefnda grænbók, um stöðu og áskoranir Íslands í orkumálum með vísan til áherslna og markmiða stjórnvalda í loftslagsmálum.

Ástæða er til að þakka formanni starfshópsins fyrir góð viðbrögð í kjölfar athugasemda sambandsins við skilgreiningu lykilaðila í umræddri frétt, þar sem af einhverjum ástæðum var hvergi vikið að samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga. Það er vel að úr þessum ágalla hefur verið bætt og gengur sambandið út frá því að þessir aðilar falli undir það að lykilaðilar í umræðu um stöðu og framtíðarsýn í orkumálum. Sambandið væntir þess einnig að frekari samskipti um verkefni starfshópsins muni leiða enn skýrar í ljós að raforkuöryggi er ein af meginforsendum byggðapróunar hér á landi.

### **Almennar ábendingar til starfshópsins**

Mjög skammur tími er gefinn til þessa fyrsta hluta samráðsferlis. Af þeirri ástæðu er engin tilraun gerð til þess að svara í einstökum liðum ítarlegum spurningalista sem barst í tölvupósti 1. febrúar sl.

Til efni er til að minna á að Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtöl orkusveitarfélag tóku þátt, ásamt fjölda annarra samráðsaðila, í vinnu verkefnisstjórnar um mótun orkustefnu fyrir Ísland. Niðurstöður þeirrar vinnu, sem stóð yfir í nærri tvö ár, var birt í byrjun október 2020. Til stóð að tillaga að orkustefnu yrði lögð fram til umfjöllunar á síðasta löggjafarþingi en af því varð ekki sem skýrist væntanlega einkum af Covid-19 heimsfaraldrinum. En þar sem um var að ræða afar yfirgripsmikla vinnu virðist einboðið að svör við meirihluta þeirra spurninga sem bárust frá starfshópnum liggi þegar fyrir í stórum dráttum, þótt eflaust sé þörf á einhverri stöðuuppfærslu.

### **Hlutverk Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Orkumál eru í eðli sínu pólitísk. Áherslur einstakra sveitarstjórna og innan sveitarstjórna geta því verið mjög ólíkar. Það er því nokkuð flókið fyrir heildarsamtök á borð við Samband íslenskra sveitarfélaga að setja fram skýra afstöðu til málaflokksins. Í stefnumörkun sambandsins fyrir það kjörtímabil sem nú er að ljúka er aðeins sett fram almennt markmið er hljóðar svo:

*Sambandið beiti sér fyrir því að sveitarfélögin verði virkir þátttakendur í umræðu um framtíðarstefnu í orkumálum, þ.m.t. uppbyggingu flutningskerfis Landsnets, stefnu um lagningu raflína, áherslur í*

*rammaáætlun, skattlagningu á virkjanir og flutningsmannvirki og þróun í nýtingu auðlinda, s.s. vindafli- og sjávarfallavirkjana. (3.4.17)*

Í þessu markmiði felst að sambandið hvetur til þess að rödd sveitarfélaga heyrst í umræðu um orkumál en jafnframt leggur sambandið ríka áherslu á það í hagsmunagæslu sinni f.h. sveitarfélaga, svo sem þátttöku í starfshópum af ýmsum toga, að leita eftir viðhorfum baklandsins til tillagna sem taka þarf afstöðu til.

Í stefnumörkuninni kemur þó fram skýrari afstaða til einstakra atriða sem snúa að orkumálum. Þar má sérstaklega nefna áherslu á úrbætur á lagaumhverfi vindorkuvera og á skattlagningu auðlinda:

*Sambandið beiti sér fyrir því að til verði heildstætt lagaumhverfi um byggingu og starfsemi vindorkuvera. (3.4.18)*

*Sambandið skal beita sér fyrir því að sveitarfélögin fái auknar tekjur af raforkuframleiðslu. Þess verði sérstaklega gætt að skatttekjur sveitarfélaga af skattskyldum virkjanamannvirkjum skiptist ekki eingöngu eftir því hvar virkjanamannvirki eru staðsett heldur verði einnig tekið sanngjarnt tillit til umhverfisáhrifa virkjana og flutningskerfis raforku á nærliggjandi sveitarfélög. (3.1.16)*

Tilfni er til þess að halda því sérstaklega til haga að í [aðgerðaáætlun orkustefnu til 2050](#) var tekið undir framangreint markmið um hlutdeild nærsamfélaga í raforkuframleiðslu. Þar segir í aðgerð A2 í kafla um Samfélag og efnahag á bls. 14:

Greina breytingar á regluverki með það fyrir augum að nærsamfélög njóti ávinnings af auðlindanýtingu. Horft til sanngjarnar skiptingar tekna af auðlindanýtingu milli ríkis og sveitarfélaga. Unnið að mótun eigendastefnu fyrir orkufyrirtæki í opinberri eigu.

- Staða: Í undirbúningi og vinnslu.
- Texti í Orkustefnu: „Samfélagið samanstendur af mörgum atvinnugreinum sem bæði þurfa aðgengi að orku og nýta auðlindir landsins með mismunandi hætti. Ábati samfélagsins felst í þjóðhagslega hagkvæmu orkukerfi, þar sem heildarábati felst í hámrörkun virðis orkuvinnslu, lágmörkun umhverfisáhrifa, verðmæta- og nýsköpun, gjaldeyrstekjum af útflutningi og sanngjarnri verðlagningu fyrir neytendur.“ „Það er sanngjarnt að nærsamfélög (sveitarfélög) njóti ávinnings þeirrar orkuvinnslu sem á sér stað í grennd við íbúa. Tryggja þarf réttláta skiptingu hans milli þeirra nærsamfélaga sem verða fyrir áhrifum af orkuvinnslu“.

Þess er að sjálfsögðu vænst að í Grænbók um orkumál verði tekið undir framangreinda áherslu um að nærsamfélög (sveitarfélög) njóti ávinnings orkuvinnslu í þeirra nærumhverfi.

Varðandi áhersluna á lagaumhverfi vindorkuvera er tilfni til að gagnrýna að lagaumhverfi og stjórnsýsla vindorkunýtingar hefur að því er virðist mjög lítið þróast frá því að gerð var [skýrsla á vegum UAR árið 2018 um lagaumhverfi vindorkuvera](#). Í skýrslunni voru settar fram tillögur um ýmsar lagfæringar á lagaumhverfi og stjórnvaldsfyrirmælum. Þar má m.a. nefna að sett verði samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir vindorkuver. Markmið vinnunnar, a.m.k. frá sjónarhóli

Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem átti frumkvæði að skipan starfshópsins, var að undirbúa stjórnáætlun hér á landi þannig að afgangur umsóknanna um byggingu vindorkuvera yrði skilvirk og gagnsæ. Illskiljanlegt er hvers vegna ekki hafi verið unnið skipulega úr úrbótatillögum starfshópsins. Þess í stað hefur vinna innan stjórnarráðsins aðallega beinst að því að skoða samspil rammaáætlunar og leyfisveitinga fyrir vindorkuver, sem vissulega er mikilvægt umfjöllunarefni, en að álit sambandsins hefði verið hægt vandi að vinna á sama tíma að báðum þessum verkefnum.

### **Raforkuöryggi**

Í kjölfar mikils óveðurs í desember 2019 tók sambandið þátt í vinnu áttahóps um úrbætur á leyfisveitingarferli til framkvæmda við flutningskerfi raforku. Frumvarp um breytingar á skipulagslögum, sem fólu í sér tillögur um svonefnt raforkuskipulag, var lagt fram á Alþingi haustið 2020 og fékk það jákvæða afgreiðslu í umhverfis- og samgöngunefnd eftir fyrstu umræðu. Frumvarpinu var vísað aftur til nefndar að lokinni 2. umræðu og þar dagaði málið uppi í þinglok.

Þótt skoðanir um umrætt frumvarp væru nokkuð skiptar meðal sveitarfélaga og einnig innan stjórnar sambandsins ákvað sambandið að styðja samþykkt frumvarpsins. Forsendur eru lítt breyttar nú. Niðurstöður í nýlegum kær- og dómsmálum virðast raunar undirstrika að þörf sé á skilvirkari málsmeðferðarreglum á borð við það sem lagt er til í umræddu frumvarpi og virðist eðlilegast að frumvarp um þetta efni verði endurflutt á yfirstandandi þingi.

### **Hringrásarhagkerfi og orkunýting**

Í umræðu undanfarið hefur oft verið vikið að skorti á orku, m.a. til þess að knýja áframhaldandi orkuskipti í samgöngum. Í þessu samhengi er mikilvægt að beina kastljósinu að því að það eru töluverðir og að mörgu leyti mjög fýsilegir möguleikar til að nýta í mun meira mæli metangas frá urðunarstöðum og frá gas- og jarðgerðarstöð SORPU. Jafnvel mætti hugsa sér að tilkoma aukinnar sérsöfnunar lífúrgangs í þéttbýli, skv. nýlegum lagabreytingum til innleiðingar hringrásarhagkerfis, gæti kallað á aukna innviði til að meðhöndla það sem safnast sem gefur tækifæri til að aukinnar söfnunar og nýtingar lífgass. Eins og staðan er í dag er alltof stórum hlutum þess metangass sem til fellur fargað með brennslu. Það er fremur augljóst verkefni við mótun áherslna í orkumálum að þær auðlindir sem til eru verði betur nýttar. Þetta er raunar aðgerð sem ætti að fá háan forgang, í tengslum við innleiðingu hringrásarhagkerfis og til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Sérstaklega ætti að horfa til orkuskipta í samgöngum í nýtingu metangass eins og mörg nágrannalönd okkar hafa gert.

Einnig eru uppi hugmyndir um að byggja sorpokustöð hér á landi, sem að líkindum mun verða hönnuð til að taka við á bilinu 80.000-130.000 tonn af úrgangi. Þessi starfsemi mun leiða af sér orku sem nauðsynlegt er að nýta til verðmætasköpunar. Horft er m.a. til möguleika á grænum iðngörðum í grennd við fyrirhugaða starfsemi. Við mótun áherslna í orkumálum ætti að gera ráð fyrir stuðningi ríkisins við þetta verkefni.

### Umsögn til verkefnisstjórnar um gerð orkustefnu

Í umsögn sambandsins, dags. 26. janúar 2019, er bent á allmörg atriði til viðbótar þeim sem hér hafa verið rakin. Er því talið tilefni til að umsögnin verði fylgiskjal með erindi þessu til nefndarinnar.

### Lokaorð

Í samskiptum við landshlutasamtök sveitarfélaga og Samtök orkusveitarfélaga við undirbúning þessa erindis hefur komið fram mikill áhugi á því að eiga samtal við starfshóp um gerð Grænbókar um orkumál þar sem hægt væri að fara nánar yfir áherslur og áskoranir sem snúa að sveitarfélögum almennt og einstökum landshlutum.

Sambandið vill hér með beina því til starfshópsins hvort ekki sé mögulegt að skipuleggja fjarfund þar sem hægt væri að eiga vandað samtal um þau málefni sem starfshópnum er falið að fjalla um.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri